

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um synjun staðfestingar á 54 lagafrumvarpi um fiskiveiðar í landhelgi. — Þegar búið var í neðri deild alþingis 18. apríl 1885 að fella frá 2. umræðu frumvarp stjórnarinnar til laga um bátafiski á fjörðum, var, í staðinn fyrir þetta frumvarp og annað stjórnarfrumvarp til laga, innihaldandi nokkrar ákvarðanir um fiskiveiðar fjelaga í landhelgi, á þinginu það ár samþykkt lagafrumvarp um fiskiveiðar í landhelgi, sem Thorberg landshöfðingi sendi síðan hingað með brjefi 9. sept. 1885; lagafrumvarp þetta tekur upp í aðalákvörðunum sínum efnid úr stjórnarfrumvarpinu um fiskiveiðar fjelaga, þó með verulegum breytingum, en í byrjun lagafrumvarpsins er sú almenna regla tekin fram, að fiskiveiðar á þilskipum og opnum bátum í landhelgi á flóum og fjörðum inni megi einungis reka þeir menn, sem búsettir eru á Íslandi, og innlend hlutafjelög. Í sambandi við þessa nýju aðalreglu um rjettinn til fiskiveiða í landhelgi, sem á þennan hátt hefir átt að koma á, standa einnig helztu breytingarnar, sem stungið er upp á að gjöra við stjórnarfrumvarpið um fiskiveiðar fjelaga. Þannig er um þá aðalbreytingu, að ákvörðun stjórnarfrumvarpsins, að hlutafjelög, sem síldarveiðar reka og sem eru undantekning frá aðalreglunni að því að þegnar annara ríkja eiga þar hlut í, eigi að hafa heimilisfang á Íslandi eða í Danmörku, er breytt á þá leið, að heimilisfangið skuli vera á Íslandi; svo er og um þá breytingu, að þarsem stjórnarfrumvarpið ákveður, að stjórn slíkra hlutafjelaga, sem þegnar annara ríkja eiga hlut í, skuli skipuð dönskum þegnum, og að minnsta kosti einn úr stjórninni skuli heimili eiga á Íslandi, þá er þessari ákvörðun breytt svo, að að einu leytinu er ekki heimtað, að allir þeir, er sæti eigi í stjórninni, skuli vera danskir þegnar, en þess á hinn bóginn krafizt, að meira en helmingur fjelagsstjórnarinnar sje skipaður mönnum, er heimili eiga á Íslandi. Hinar aðrar breytingar eru þýðingarminni, en þó má enn bæta því við, að það er miður heppilegt, að hin lægsta sekt, sem ákveðin er í 3. gr. stjórnarfrumvarpsins, er hækkuð úr 20 kr. uppí 200 kr., þrátt fyrir ósamkvæmni (anomaly) þá, sem þannig fram kemur við hegningarákvarðanirnar í tilskipun 12. febr. 1872, og sem bent var á í ástæðunum fyrir stjórnarfrumvarpinu útaf lagasamþykktum alþingis áður í líka átt.

Ráðgjafinn verður þó að telja það meginatriði málsins, að alþingisfrumvarp það, sem hjer liggur fyrir, hefir haldið ákvörðun, sem hefir það í för með sjer, að allir danskir þegnar, sem ekki eiga heimili á Íslandi, eru útilokaðir frá fiskiveiðum á fjörðum og flóum í landhelgi við Ísland. Í lagafrumvarpi alþingis 1883, sem neitað var um staðfestingu konungs með konungsurskurði 22. maí 1885, var stigið feti framar að því leyti, að þar náði útilokunin til *alls* landhelgis kringum Ísland, en aptur á móti var þá einungis umtalsmál um fiskiveiðar á opnum bátum, en nú eru þilskipin einnig tekin með. Stjórnin hefir bæði áður og eins í tveimur lagafrumvörpum þeim, sem lögð voru fyrir alþingi 1885, haldið þeirri meginreglu fast fram, að allir danskir þegnar hefðu jafna heimild til fiskiveiða í landhelgi og einungis vikið frá þeirri reglu í einstökum tilfellum á einstökum stöðum, þegar sannað hefir verið, að aðsókn af sjómönnum annarstaðar frá sje svo mikil, að fiskiveiðar þeirra, er þar búa, bíði hnekki við, og þá einungis vikið frá reglunni til hagnaðar fyrir þá, er á staðnum búa, en ekki fyrir Íslendinga sem slíka. Gagnvart þessu hefir alþingi haldið fast fram þeirri meginreglu, sem það hefir fylgt hin síðustu ár, að Íslendingar hafi einir heimild til fiskiveiða á fjörðum þeim og flóum, sem eru í landhelgi við Ísland. Ráðgjafinn getur nú ekki á-

31. dag maímán. 1887.

54 18. apríl litið, að þessi ákvörðun sje byggð á þeim sjerstöku hagsmunum Íslendinga, sem skylt sje að vernda eða að hana sje hægt að samrýma við rjettlæti og sanngirni gagnvart þeim borgurum ríkisins, sem ekki eru Íslendingar. Af hálfu Íslendinga er það ekki sannað, að nauðsyn sje á öðrum lagaákvæðum í tilliti til verndunar fiskiveiða frá Íslandi, gagnvart keppni við aðra danska þegna, en þeim, sem fram eru boðin í stjórnarfrumvarpinu frá 1885 um bátafiski á fjörðum, og hefir jafnvel engin áherzla verið lögð á að sýna fram á slíkt. Það, sem einkum og sjerilagi hefir verið leitazt við að sanna, er, að ákvæðin um einkaheimild Íslendinga til fiskiveiða á fjörðum inni væru gildandi lög, og hefir nefnd sú, sem kom fram með frumvarpið, er þingið samþykkti, leitt rök að þessu, sem ætla verður að þingið hafi fallizt á; en þegar betur er að þessari röksemdaleiðslu gætt, getur hún alls ekki staðizt.

Einsog sýnt er fram á í ástæðunum fyrir stjórnarfrumvarpinu 1885 um fiskiveiðar hlutafjelaga í landhelgi, er lagareglu þá, sem gildir í þessu efni, að finna í opnu brjefi 18. ágúst 1786, þarsem svo er kveðið á í 5. gr., að öllum dönskum þegnum sje heimilt að stunda fiskiveiðar við strendur Íslands, einsog þeir bezt vilji og geti. Þessi ákvörðun er síðan endurtekin í tilsk. 13. júní 1787, kap. I., 1. gr., og kemur einnig fram í kap. II., 5. gr., og kap. III., 1. gr., í sömu tilskipun. Þetta hefir nú alþingið eigi álitid rjettan skilning, en haldið því fram, að orðin »við strendur Íslands« gripi eigi yfir fjörðu og flóa, vikur og voga. Því hefir að vísu eigi verið á móti mælt, að eptir almennri málvenju þýði þessi orð það sama, en því er haldið fram, að öðru máli sje að gegna um fiskilagamál það er þá var, því að í því hafi nákvæmur greinarmunur verið gjörður á ströndum landsins annarsvegar og fjörðum þess og flóum o. s. frv., eða rjettara sagt ströndunum við þá, hinsvegar. Til sönnunar þessu er vitnað til tilsk. 1. apríl 1776, 1. gr., þarsem bannað er að »gaa ind til de islandske Kyster eller ind i Landets Fjorde, Bugter og Havne«, sömuleiðis til tillögu þeirrar, er konungsúrskurður 9. apríl 1776 er bygður á, en þar stendur »under Kysterne rundt omkring Landet samt i dets Fjorde, Bugter og Havne«, sbr. tillögu til konungsúrskurðar 24. jan. 1787 (»under Island«), og loks til tilskipunar 13. júní 1787, 2. gr., þarsem, einsog í nefndarálitinu stendur, orðin »við landið« virðast jafnvel vera í mótsetning við firði, flóa o. s. frv., eða vera í sömu merking höfð sem orðin »við strendurnar«, sama sem »úti fyrir landinu« eða »fyrir ströndum úti«.

Hvað tvö hin fyrst tilfærðu orðatiltæki snertir, þá eru þau að vísu miður nákvæm, en það kemur fyrir bæði nú og sjerstaklega í lagamáli þeirra tíma, að þegar búid er að tilnefna aðalregluna, þá er til orðfyllingar bætt við einstöku tilfellum, sem undir aðalregluna heyra, og sem sjerstaklega á að vekja athygli á. Það liggur nú í augum uppi, að þó að eigi yrði beinlínis sýnt og sannað, að skilningur nefndarinnar væri rangur, þá má þó eigi af svolitlum orðamun álykta, að lögin leggi svo takmarkaða þýðingu í »strendur landsins«, að þau brjóti stórkostlega móti almennri málvenju, og það jafnvel svo, að hægt væri að hugsa sjer land, sem svo væri vogskorið, að við það væri engar »strendur«. Og enn auðsærra verður það, hve rangt er að halda fram slíkum greinarmun í lagamálum þegar aðgættur er lagastaður sá, sem síðast var nefndur að framan, eða tilsk. 13. júní 1787, 2. gr. Annars skal þess getið bæði um þennan lagastað og um tillögu þá til konungs frá sama ári, sem jafnframt er vitnað til, að ráðgjafanum er eigi fullljóst, hvernig menn hafa hugsað sjer að þau styddu skilning alþingis. En hvað sem þeirri röksemdaleiðslu líður, þá fer svo fjærri því, að nefndur

lagastaður styðji skilning alþingis, að hann þvertámóti sýnir og sannar svo berlega, sem 54 unnt er, að lögin þekkjja ekki mótsetninguna milli »ved Kysterne« og »under Landet« 18. apríl. annarsvegjar, og »Landets Fjorde, Bugter og Havne« hinsvegjar. Greinin bannar nefnilega fyrst utanríkisskipum að fara inná »Landets Fjorde, Bugter og Havne«, en bætir svo við »ingen Fremmede maa *altsaa* understaa sig at bruge Doggeri og Fiskeri under Landet.

Við það, sem nú hefir verið tekið fram, bætist nú það, að ef skilningi alþingis er fylgt, þá eru engin ákvæði til um fiskiveiðar í fjörðum, flóum o. s. frv. Að vísu virðist svo sem nefndarálit alþingis hafi álitíð, að ákvarðanirnar í tilsk. 13. júní 1787, kap. II. 5 gr. og kap. III. 1. gr., ættu einnig við um fiskiveiðar á fjörðum, flóum o. s. frv., þó að reyndar sjerstaklega væri á þeim byggður einkarjettur búsettra Íslendinga til bátafiskis, en við þetta er það athugandi, að í raun og veru er í ákvörðunum þessum eigi minnst einu orði á fjörðu og flóa, eða yfir höfuð á það, hvar bátafiskið megi stunda. Yfir höfuð hefir nefndin í ástæðum sínum ruglað saman tvennu, sem gjöra verður greinarmun á: fiskiveiðum á fjörðum inni og bátafiski. Ástæðurnar fyrir því að fiskiveiðar á fjörðum inni sje heimilar landsmönnum einum, eru í raun og veru eigi fleiri en þær, er þegar hafa að framan hraktar verið, og þó að aðrar ástæður, þær er alþingi hefir viljað styðja skilning sinn með — og sem síðar skal á minnst — væru rjettar, þá væri með þeim aðeins fengin sönnun fyrir, að landsmenn hefðu einkarjett til bátafiskis. Á ástæðum alþingis verður því í mesta lagi aðeins byggt frumvarp einsog það, er alþingi samþykkti 1883, því að þar var, einsog að ofan er á vikið, eigi gjörð nein greining á sjóarstæðinu innan landhelgis, en einmitt aðeins kveðið á um einkarjett til bátafiskis, þarsem aptur á móti lagafrumvarp það, er nú liggur fyrir, mundi, jafnvel þótt álitíð væri að landsmenn hefðu að lögum einkarjett til bátafiskis, riða mjög í bága við hin gildandi lög að því leyti sem það bannar öðrum en Íslendingum fiskiveiðar á pilskipum.

Hvað nú þessu öðru atriði viðvíkur, því, hvort landsmenn hafi einkarjett til bátafiskis, þá hefir nefndin eigi til sönnunar þessum einkarjetti getað tilfært annað en 2 optnefndar ákvarðanir í tilsk. 13. júní 1787, kap. II. 5. gr. og kap. III. 1. gr. Segir svo á fyrra staðnum, að kaupmenn þeir, er búsettir sjeu í landinu, megi tálmalauast fiska á eignum og leigðum bátum og byttum á sama hátt og með sama rjetti sem aðrir landsbúar, að því er fiskiveiðarnar og fiskverkunina snertir, en á síðari staðnum stendur, að bátafiski, sem sje aðalatvinnuvegur landsmanna við sjóinn, sje heimilt einum sem öllum, þeim er búsettir sjeu á Íslandi, einnig andlegum og verzlegum embættismönnum. Sakir þess nú að þessar ákvarðanir mundu annars vera þýðingarlausar með öllu, hefir alþingisnefndin álitíð það af þeim auðsjáanlegt, að bátafiskið væri heimilt þeim mönnum einum, er búsettir væru í landinu. Og það sama hefir nefndinni einnig fundizt samkvæmt vera öllum tilgangi og anda tilskipunarinnar 1787, því að tilgangurinn með tilskipuninni hafi verið sá, að kveða skýrara á um rjettindi og forrjettindi kaupmanna og yfir höfuð íbúa kaupstaðanna, er menn vildu efla og auka með ýmsum hlunnindum.

Þannig er hjer ekki að ræða um neina beina ákvörðun, sem útiloki þá, sem ekki eru Íslendingar, en menn hafa aðeins útaf fyrnefndri upptalningu á rjettindum kaupmanna og kaupstaðarbúa þótt verða að draga slíka ákvörðun sem undirskilda. Það er nú að vísu vafasamt, hvort undirskilin ákvörðun, hve skýr og augljós sem hún væri,

54 hefði nokkurt gildi gagnvart öldungis skýrum, ótvíræðum og beinum orðum í o. br. 18. 18. apríl. ágúst 1786, þeim orðum, að öllum dönskum þegnum sje frjálst að stunda fiskiveiðarnar, einsog þeir bezt vilji og geti, en að minnsta kosti er það víst, að ástæðurnar til að undirskilja nefnda ákvörðun þyrftu að vera miklu ljósari og öflugri en þær eru. Sannleikurinn er sá, að tilgangur og andi tilskipunar 1787 er einmitt andstæður lagapýðingu þeirri, er alþingi hefir haldið fram. Einmitt af því að tilgangurinn var sá, að uppörfa menn til að setjast að í kaupstöðunum á Íslandi með því að telja upp öll þau gæði, er því væru samfara, þá voru ekki í tilskipuninni eingöngu talin *einkarjettindi* íbúanna, heldur einnig, einsog nefndin hefir með rjettu tekið fram, önnur rjettindi, rjettindi, sem þeir eigi áttu að njóta góðs af einir, heldur sameiginlega við aðra, sem ekki fengu þau rjettindi með þessari tilskipun. Meðal þeirra rjettinda, er landsmenn áttu og sem kaupstaðarbúar áttu að fá hlut í, nefnir nú tilskipunin sjerstaklega rjettinn til bátafiskis, en það væri mjög rangt að draga af því þá ályktun, að bátafiski hafi heimilt verið landsmönnum *einum*, enda mjög edlilegt að löggjafinn hafði eigi aðra í huga hvað bátafiskið snerti en landsmenn, þar sem það var fyrst löngu seinna að aðrir fóru að stunda þessar fiskiveiðar. Íbúar landsins eru því í tilskipuninni eigi nefndir sem þeir einu, er hafi rjett til bátafiskis, heldur sem þeir einu, sem um geti verið að ræða í því sambandi, og hefir það samkvæmt öllu sniði tilskipunarinnar verið tilætlanin, að kveða svo á um þessa íbúa landsins, einsog einnig orðin í kap. III. 1. gr. nægilega með sjer bera, að stjett, staða, atvinnuvegur og þessháttar skuli engan mun gjöra að því er rjettinn til fiskiveiða snertir, en til þeirra skuli einn og sjerhver hafa jafnan rjett.

Ráðgjafinn ætlar nú, að það, sem að framan er tekið fram, sje nægilegt til að sanna, að lagapýðing alþingis sje eigi rjett. En hjer við má bæta ennfremur einu atriði, sem hefir mjög mikla þýðingu og sem hefir áður verið á minnst í ástæðunum fyrir stjórnarfrumvarpinu 1885, en það er, að hinni lagapýðingunni, sem stjórnin hefir haldið fram, hefir eigi aðeins alla tíð verið fylgt í framkvæmdinni, heldur hefir einnig bæði stjórnin og alþingi ávallt byggt á henni í lagafrumvörpum og umræðum um fiskiveiðarnar í landhelgi, sbr. frumvarp alþingis 1877 og lög 4. nóv. 1881; á þetta minnist nefndarálitid eigi einu orði.

Í hinum gildandi lögum verður þannig eigi fundin nein stoð fyrir lagafrumvarpi einsog því, er hjer liggur fyrir. Og á hinn bóginn verða menn, að álitu ráðgjafans, að viðurkenna, að þarsem ræða er um gildandi lagareglu, sem eigi aðeins er samkvæm almennum grundvallarreglum um jafnrjetti ríkisþegnanna til atvinnureksturs, en sem auk þess hefir haft þann árangur, að í skjóli hennar hefir upp komið og eflzt mikill atvinnuvegur, sem heilum flokkum af ríkisþegnum er næsta áriðandi að geta haldið áfram að stunda, þá eigi að við hafa mestu varúð í að breyta þeirri lagareglu. Þarsem, einsog hjer á sjer stað, eigi er að ræða um málefni, er varðar ríkið í heild sinni, þá á slíka breyting, að álitu ráðgjafans, því að eins að gjöra, að sýnt verði með rökum, að ef hinni gildandi lagareglu væri haldið óbreyttri, mundi af henni leiða tiltölulega ennpá meira tjón fyrir aðra danska ríkisþegna í þeim greinum, er þeim væru jafnáriðandi. En um slíkt tjón, eða jafnvel um það að hætt sje við að fiskimenn þeir, er búa við firðina á Íslandi, bíði slíkt tjón á atvinnu sinni, er, einsog áður hefir sagt verið, ekkert fram komið annað eða meira en það, er leiddi til þess tilboðs, er stjórnin 1885 gjörði alþingi í lagafrumvarpi sínu um bátafiski á fjörðum inni, en því tilboði hafnaði alþingi. Aptur á móti hefir skoðun sú, er ráðgjafinn 1885 hjelt fram í þessu máli, styrkst enn meir við

skýrslu, er ráðgjafinn hefir útvegað frá foringjanum á herskipi því, er í fyrra sumar 54 hafði stöð við Ísland, en í skýrslu þessari segir, að fiskmergðin á miðum þeim, er Ís- 18. apríl. lendingar sækja nú, og sem hjer er um að ræða, sje svo mikil, að fiskiveiðar Færeyinga, að hans áliti, eigi geti valdið þar neinni verulegri fækkun. Og að því er Færeyinga sjálfa snertir, þá hefir dómismálastjórnin sent hingað skýrslur frá yfirvaldinu þar á eyjunum, sem, í góðri samhljóðan við það, að eyjarskeggjar á sínum tíma sendu öflugar bænarskrár um að alþingisfrumvarpið 1883 yrði ekki gjört að lögum, sýna, að fiskiveiðar þær, er Færeyingar reka við austurstrendur Íslands, og sem bæði mega heita töluverðar eptir stærð eyjanna og veita Færeyingum góða atvinnu, mundu bíða stórkostlegan hnekki og jafnvel verða að leggjast niður með öllu, ef lagafrumvarp það, er hjer ræðir um, yrði gjört að lögum.

Ráðgjafinn hefir samkvæmt þessu eigi getað álitið það rjett, að ráða hans hátign konunginum til að leggja allrahesta staðfestingu á lagafrumvarp það um fiskiveiðar í landhelgi, er alþingi hefir samþykkt, og hefir hann því lagt það allraþegnsamlegast til að synjað yrði staðfestingar á því, en sú tillaga var 15. þ. m. allra náðarsamlegast samþykkt.

Þetta tilkynnist yður hjermeð, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar í B-deild Stjórnartíðindanna, og skal því við bætt, að stjórnin ætlar að leggja af nýju fyrir alþingi það, er nú fer í hönd, bæði hin áðurnefndu fiskilagafrumvörp, er lögð voru fyrir alþingi 1885.

Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um sölu á kirkjujörð. — Eptir að 55 jeg hafði sent ráðgjafanum skjöl þau og skilríki viðvíkjandi sölu á hálfum Þórólfsdal 19. apríl. í Lóni frá Stafafellskirkju til Sveins bústjóra Bjarnasonar í Volaseli, sem fylgdu þóknanlegu brjefi yðar, herra amtmaður og háæruverðugi herra, dags. 22. nóvbr. f. á, hefir ráðgjafinn með brjefi 21. f. m. tilkynnt mjer, að hans hátign konunginum hafi þóknast 8. s. m. að fallast á, að nefndur jarðarhluti verði seldur beiðandanum fyrir 800 kr.

Um leið og þetta tilkynnist hjermeð hinum háttvirtu stiptsyfirvöldum, skal jeg þjónustusamlega skora á yður, að annast um, að söluverð jarðarhlutans verði, þegar er það greiðist, sett á vöxtu sem föst innstæða Stafafellskirkju undir stjórn biskupsins.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um flutning á þingstað. — Eptir beiðni hreppsnefndarinnar í Holtshreppi í Skagafjarðarsýslu, 22. apríl. 56 sem bæði sýslunefnd og sýslumaður hafa mælt fram með, og eptir tillögum yðar, herra amtmaður, í þóknanlegu brjefi, dags. 22. f. m., veiti jeg hjermeð samþykki mitt til, að þingstaðurinn í tjeðum hreppi sje fluttur frá Stóra-Holti að Efra-Haganesi, með því skilyrði, að hreppsnefndin komi sem fyrst upp húsi á Efra-Haganesi, sem notað verði fyrir þinghús.

Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Strandasýslu um gjafafje til að afstýra hallæri. — Með þóknanlegu brjefi, dags. 25. f. m. hafð þjer, herra sýslumaður, 22. apríl. 57 eptir ákvörðun sýslunefndarinnar í Standasýslu á aðalfundi hennar 16.—18. f. m., og